

Nesfréttir



JÚLÍ 2021 • 7. TBL. • 34. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á visir.is

Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

- Viðtal við Þorbjörgu
Gunnlaugsdóttur þingmann
- bls. 8-10



33 meðlimir Trimmklúbbsins á Seltjarnarnesi (TKS) hlupu hinn vinsæla Laugaveg sem tengir saman Landmannalaugar og Þórsmörk sem er um 54 km gönguleið dagana 10. og 11. júlí. Sjá nánar á bls. 11.

**Velkomin
á Grandann**

Nú sækjum við og
skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Íþróttalífið að vakna

Eins og lesa má um hér í blaðinu tóku krakkar úr íþróttastarfi Gróttu nýlega þátt í fimm mótum á landsvísu. Íþróttalífið er að vakna aftur eftir að hafa legið hálfvegis í dvala vegna sóttvarnaraðgerða.

Ljóst má vera að létt hefur á mörgum bæði ungum, miðaldra og ljafnvel öldnum þegar krakkarnir gátu farið að hreyfa sig á ný að ekki sé talað um að keppa og blanda geði við önnur ungmenni á íþróttamótum.

Hinn öflugi keppnisandi er árangur af starfi Gróttu með börnum og ungmennum. Starfi við að skapa þeim tækifæri til þess að njóta sín í íþróttum hvort sem um fótbolta eða aðra íþróttastarfsemi er að ræða. Fimleikar hafa löngum verið eitt af blómum Gróttu og Seltirninga og fótboltinn er einnig í fyrirrúmi. Fleiri greinar fylgja svo á eftir.

Öft er talað um uppeldislegt gildi íþróttar. Fyrir um tveimur áratugum voru ungmennavandamál áberandi á Seltjarnarnesi. Vandamál sem tengdust drykkju og ljafnvel notkun annarra vímuefna. Á nokkrum árum tókst að útrýma þeim að mestu. Þar eiga starfsemi Gróttu og Selsins stóran hlut að máli.

Borhola fjögur endurboruð



Hitaveita Seltjarnarness þarf að fara í endurborun á einni af holum veitunnar vegna dælubilunar í holu fjögur við Bygggarða í mars. Við að hifa dæluna úr holunni brotnaði dælurörrið þannig að dælubúnaðurinn féll niður á 1024 metra dýpi, en hann vegur um sjö tonn að þyngd. Því hefur verið ákveðið að endurbora nýja holu við hlið holunnar. Þetta kom fram á fundi Veitustofnunar Seltjarnarness 23. júní sl.

Hola fjögur var upphaflega boruð árið 1972 í 2.025 metra dýpi. Hún hefur í seinni tíð fyrst og fremst verið nýtt sem varahola fyrir veituna. Byrjað verður á borverkinu eftir verslunarmannahelgi. Við verkið verður jarðbor notaður og er áætlaður verktími u.þ.b. tveir mánuðir. Þessi aðgerð mun hafa rask í för með sér fyrir þau fyrirtæki sem starfa við Bygggarða og er nú verið að upplýsa þau um það.

Veitustjórn telur skynsamlegt að fara í framkvæmdir núna í sumar meðal annars vegna þess að framkvæmdin raski sem minnst fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum á svæðinu. Veitustjórn leggur til að Hitaveitan taki 350 milljón króna lán til 20 ára til að fjármagna þær framkvæmdir sem fara þarf í næstu tvö ár. Samhliða því verði gjaldskrá veitunnar hækkuð um 11% frá 1. september 2021 til að standa straum á þeim framkvæmdum sem farið verður í.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Er um á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



aurum
BY
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | www.aurum.is

FRÍ HEIMSENDING HEIM AÐ DYRUM

Hjólastígur meðfram Seltjörn



Nýr hjólastígur verður lagður meðfram Seltjörn.

Ákveðið hefur verið að leggja hjólastíg meðfram Seltjörn. Farið verður í framkvæmdina í september n.k.

Upphaflega var áætlað að vinna þetta verk á árinu 2015 en þá var því frestað um óákveðinn tíma. Á fundi bæjarstjórnar á dögunum fór bæjarstjóri yfir uppreiknað tilboð lægstbjóðanda í verkið frá þeim tíma sem var fyrirtækið Loftorka. Bæjarráð samþykkir uppreiknað tilboð og að fara í verkið.

Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 37 milljónir.

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Vinnuskólinn fer vel af stað



Vilborg Ólafía, Hildur, Anna Katrín, Arnhildur Sjöfn og Kristel eru í vinnuskólanum á Seltjarnarnesi í sumar.

Mynd: Steinunn.

Dugmikil ungmenni hófu störf í unglíngavinnu nú í júní, hér er um vaskann hóp að ræða. Nemendur í Valhúsaskóla taka nú til hendinni og keppast við dagsverkið að hreinsa og fegra Nesið okkar. Góð stemning er í hópnum sem vinnur að fjölmörgum verkefnum m.a. að sinna beðahreinsun, málun og umhirðu í kringum stofnanir bæjarins.

Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri segir að meginhlutverk vinnuskólans sé að veita ungu fólki uppbyggileg sumarstörf ásamt fræðslu í öruggu starfsumhverfi.

Vinkonurnar Vilborg Ólafía, Hildur, Anna Katrín, Arnhildur Sjöfn og Kristel voru að störfum hressar þegar Steinunn tók mynd af þeim. Ég fer hjartsýn inn í sumarið, allir að verða bólusettir og unga fólkið sinnir starfinu hjá mér af alúð og samviskusemi, segir Steinunn garðyrkjustjóri.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

Ungversk aðferðafræði í Leikskóla Seltjarnarness

Árið 2018 hóf hópur af kennurum í Leikskóla Seltjarnarness að læra aðferð ættaða frá Ungverjalandi sem er kölluð BHRG model©. Verkefnið var styrkt af Erasmus-Rannís. Hópurinn útskrifaðist loks í júní 2021.

BHRG model© er aðferð sem notuð hefur verið í Ungverjalandi í 25 ár. Áhersla er lögð á skynhreyfiþroska, horft á getu barnsins og þroska þess frekar en að alhæfa með greiningu. Í upphafi er próf lagt fyrir barnið og niðurstöður þess notaðar til að skilgreina þjálfunarmarkmið fyrir hreyfingu. Unnið er bæði í einstaklingsþjálfun og í hópum.

Hefur reynst vel

Aðferðin hefur reynst vel til að efla hreyfiþroska, málþroska og skynhreyfivanda, auk þess sem hún hefur nýst börnum með röskun á einhverfurófi, ADHD, námsörðugleika og hegðunarvanda mjög vel. Sérfræðingar innan BHRG model© vinna náið með þeim sem læra aðferðina bæði á meðan prófin eru tekin og eins þegar meðferðin hefst. Leikskóli Seltjarnarness hefur unnið með Krisztinu G. Agueda en hún er fulltrúi BHRG á Íslandi. Við erum stolt af þeim sem luku prófi. Þetta eru Ingibjörg Jónsdóttir sérkennslustjóri, Gróa Kristjánsdóttir



Leikskólakennarar úr Leikskóla Seltjarnarness sem tóku þátt í verkefninu.

sérkennari, Helga Charlotta Reynisdóttir deildarstjóri og Krisztina G. Agueda sérkennari. Sérstakar þakkir fær Soffía Guðmundsdóttir leikskólustjóri sem hefur verið með í verkefninu og stutt kennarana öll þrjú árin.

Margir kláruðu 17. júní ratleikinn og fengu verðlaun

Fjölmarginir tóku þátt í 17. júní ratleiknum og sendu inn staðfestingu að leik loknum. Í framhaldi hafa því hressir krakkar lagt leið sína á bæjarskrifstofuna til að velja sér verðlaun fyrir þátttökuna.

Sumir voru með valkvíða enda mörg sumarleg og sniðug verðlaun í boði eins og sjá má. Þær Ísabella Kara og systurnar Guðný Hekla og Huguína Svala voru þó ekki í vandræðum með að velja sér það sem þeim langaði mest í. Takk fyrir þátttökuna!



07.10.21-10.10.21
MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS

ERTU MEÐ HUGMYND?

Menningarhátíð Seltjarnarness 2021 verður haldin í október og leitum við nú til íbúa eftir tillögum að áhugaverðum menningartengdum viðburðum, sýningum eða upplifunum.

Sendu inn hugmynd(ir) sem þú telur áhugavert að sjá, upplifa eða framkvæma. Það má bæði hafa verið gert áður eða vera eitthvað alveg nýtt. Allar hugmyndir verða skoðaðar og ekki verra að drög að útfærslu og staðsetningu fylgi með hugmyndinni.

Tillögur merktar #menningarhatid2021_hugmynd sendist fyrir 15. ágúst á maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is

Menningarnefnd Seltjarnarnesbæjar



SELTJARNARNESBÆR

Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

Bílastuð Eignaumsjónar - þrjár þjónustuleiðir í boði:

- » **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluaðstöðu og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



Bjarkablóm komin á Eiðistorg

Bjarkablóm eru komin á Eiðistorg. Í hluta þess húsnæðis þar sem sjónvarpsstöðin Hringbraut var og gengið inn um sama inngang við hliðina á hraðbanka Íslandsbanka.

Bjarkablóm komu fyrst á Seltjarnarnes í október á síðasta ári og hófu starfsemi í bensínstöðvarhúsnæði Orkunnar. „Okkur líkaði vel með að vera komin á

Nesið og tókum svo ákvörðun um að flytja yfir á torgið nú í júní sl. Þegar okkur bauðst pláss Hringbrautar rýminu í horninu við Hraðbankann.“ Bjarkablóm sérhæfa sig í skreytingum fyrir öll tilefni, gjafainnpökkun og bjóða sérstaklega upp á persónulega og faglega þjónustu. Opið er í gamla Hringbrautarrýminu mánudaga til laugardaga frá kl: 11:00 til kl: 18:00 og sunnudaga frá kl: 13:00 til kl: 17:00. Síminn er 578 5075.



Fjölskylduhreyfistund á Eiðistorgi

Dansskólinn Óskandi vill auka framboð á danstímum í hverfinu og býður upp á fjölskylduhreyfistund á Eiðistorgi í vetur fyrir börn frá 3 mánaða aldri.

Hreyfisamverustundin er fyrir börn og foreldra þar sem áhersla er lögð á að hafa gaman saman og dansa í hlýju, jákvæðu og notalegu umhverfi í hóp með öðrum foreldrum. Guðrún, skólastjóri Óskanda, leiðir tímana en hún hefur mikla ástríðu fyrir hvað hreyfing og umhverfi gegna mikilvægu hlutverki, sérstaklega fyrstu árin. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Óskanda, oskandi.is.



Símahulstur og veski fyrir
flestar gerðir farsíma



aukahlutir.is

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma



AUKAHLUTIR
netverslun

**KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN**

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stentst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

Fjölskylduvæn sumarstemning á bókasafninu!

Það er svo sannarlega mikið um að vera í Bókasafni Seltjarnarness þessa dagana og allir hjartanlega velkomnir að eiga þar saman notalega stund.

Ópið er inn í allar deildir, kaffið og blöðin í boði á

sínum stað og frelsið því í algleymingi. Sumarlestur fyrir börn og ungmenni er í fullum gangi, bío, spil, bóklestur, teikniborðið, furðufatadagar, blómabýtti og margt, margt fleira skemmtilegt að gera. Kynnið ykkur dagskrá bókasafnsins

á heimasíðunni, facebook og á Instagram.

Ópið í sumar mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10 til 18:30 og föstudaga frá kl. 10 til 17 en lokað á laugardögum.



Blómabýtti. Margir nýttu tækifærið og skiptust á blómum og plöntum í bókasafninu. Saga og Ari Eldjárn þiggja blóm af Borghildi og Ingibjörgu sumarstarfsstúlkum bókasafnsins.



Við spilaborðið. Sigrún María Ívarsdóttir og pabbi hennar Ívar Örn notuðu tækifærið og spiluðu músaspilið.



Söguhjólíð. Börnin snúa hjólinu og í ljós kemur hvaða bók er lesin. Sæunn barnabókavörður og litlir lestrarhestar lesa saman.

Ánægðari viðskiptavinir



Ánægja viðskiptavina hvetur okkur áfram til að veita framúrskarandi þjónustu og verða betri banki á öllum sviðum.

Ber sterkar taugar til Seltjarnarness

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og þingmaður hefur setið á Alþingi fyrir Viðreisn frá árinu 2020. Hún er þingmaður Reykjavíkurrkjördæmis norður og leiðir framboðslista flokksins í því kjördæmi í komandi kosningum. Þorbjörg nam lögfræði við Háskóla Íslands og einnig við Columbia-háskóla í New York þar sem hún lauk LL.M-gráðu. Þorbjörg skipaði annað sæti á lista Viðreisnar í Reykjavíkurrkjördæmi norður í Alþingiskosningunum 2017. Hún tók sæti á þingi þann 14. apríl 2020 eftir að Þorsteinn Víglundsson, oddviti Viðreisnar í kjördæminu lét af þingmennsku. Nesfréttir hittu Þorbjörgu á Kaffi Örnú á Eiðistorgi á dögunum. Svo skemmtilega vildi til að tvær dætur hennar Elísabet Una og Krístrún voru að vinna á staðnum og færðu okkur kaffið.

Þorbjörg er Seltirningur. Ólst upp fyrstu árin á Nesinu en fylgdi síðan foreldrum sínum til Svíþjóðar þar sem þau dvöldu í nokkur ár. Hún býr ekki á Seltjarnarnes en segist bera sterkar taugar til bæjarfélagsins. „Ég er fædd í Reykjavík. Við bjuggum hér á landi þar til ég var þriggja ára. Þá fluttu foreldra mínir Gunnlaugur A. Jónsson guðfræðingur og prófessor og Guðrún H. Brynleifsdóttir hæstaréttarlögmaður til Lundar í Svíþjóð þar sem þau stunduðu nám, pabbi í doktorsnámi í guðfræði og mamma lauk prófi í hagfræði. Við vorum í sjö ár í Lundi og þar hófst skólaganga mín. Ég var tíu ára þegar Nesið tók við að nýju og því má segja að ég hafi átt æskuna eftir þótt bernskan hafi verið í Svíþjóð.“ Þorbjörg lætur vel af árunum í Svíþjóð. Þetta hafi verið góð ár í Lundi og gott að vera barn í þessu umhverfi. Hún hafi lært sænsku sem hún telur auðveldast fyrir okkur Íslendinga að læra af Norðurlandamálunum. „Framburðurinn er auðveldur fyrir okkur og ég held að Íslendingar ættu margir auðveldara með hana en dönskuna. Og sænska gengur líka alveg í norrænum samskiptum ekkert síður en hin norrænu tungumálin. Það var gott að fá þá gjöf að geta talað annað Norðurlandatungumál.“



Ég ber taugar til Seltjarnarness eftir æskuna og fer um helgar töluvert í göngutúra að Gróttusvæðinu segir Þorbjörg sem þarna er stödd í fjörunni á Seltjarnarnesi.

Sat við stofugluggann hjá afa og greip í flygilinn hans Sigvalda

„Við fórum beint á Nesið þegar við komum heim. Bjuggum fyrst í húsinu hjá Jóni afa á Skólabrautinni sem nú heitir Valhúsabrut. Fórum svo um tíma á Miðbrautina og enduðum í Bollagörðum þar sem foreldrar mínir búa enn í dag. Ég fór nokkuð hefðbundna leið. Gekk í Mýró og Való og í Menntaskólann í Reykjavík. Það má eiginlega segja að það hafi verið fyrsta skrefið af Nesinu. Það var frábært að vera krakki og unglingur þar og héðan eru vinkonur mínar, sem sumar hafa nú stofnað heimili hér. Þegar við bjuggum á Valhúsabrautinni fór ég oft til afa, Jóns Gunnlaugssonar eftir skóla. Hann var þá orðinn ekkjumaður. Ég sat oft við stofugluggann með honum þar sem hann sat með sitt Neskaffi með útsýni út yfir Gróttu þar sem vitinn blasti við á. Hann átti það til að baka lummur eftir skóla sem voru vinsælar hjá barnabörnunum.

Hann var óskaplega góður afa, var nú barna faðir og hafði enn þolinmæði fyrir börnum þegar kom að okkur barnabörnunum. Ég fékk líka að spila á, eða fíkta á flygilinn sem stóð uppi í stofu, meðan ég æfði á píanó þótt píanóæfingar mínar hafi staðið fremur stutt yfir. Þetta var flygill tengdaföður hans Sigvalda Kaldalóns langafa míns sem nú er geymdur í Árbæjarsafni. Ég ber taugar til Seltjarnarness eftir æskuna og fer um helgar töluvert í göngutúra að Gróttusvæðinu. Það er einstaklega fallett svæði.“

Hefði aldrei orðið lækni

Hvarflaði aldrei að Þorbjörgu að fara í guðfræði? Hún kveðst hafa verið að hugsa um ýmis fög þegar menntaskólanáminu var að ljúka. „Guðfræðin kom reyndar til greina. Ég var að huga að ýmsum hugvísindagreinum. Hafði mikinn áhuga á bókmenntum og hugleiddi íslensku en lögfræðin varð á endanum fyrir valinu. Eins og hjá mömmu.“ En er

lögfræðin ekki leiðinleg? „Heiðarlegt svar er nú kannski að sum fög voru sannarlega laus við að vera skemmtileg. Námsefnið var misskemmtilegt en árin í lagadeildinni voru algjörlega frábær. Og þar kviknaði áhuginn á pólitík svona af alvöru. Námsefnið gat sumt vissulega verið þurr. En það er kannski eins og með flest, að sumt er skemmtilegra en annað. Svo breyttist það þegar maður fór að starfa við lögfræðina. Þá verður maður fljótt áskynja hversu fjölbreytt og lifandi hún er. Ég er mjög ánægð með þetta val, það hefur leitt af sér spennandi störf og lögfræðin er lifandi grein. Og hún nýtist sannarlega á þingi.“ Afar Þorbjargar Jón Gunnlaugsson á Seltjarnarnesi og Brynleifur H. Steingrímsson á Selfossi voru báðir læknar. Við það vaknar sú spurning hvort ekki hafi heillað hana að feta í fótspor þeirra. Hún verður fljótt til svars. „Nei, það hugsaði ég aldrei. Ég hafði lítinn áhuga á raungreinum og var léleg í þeim. Hef greinilega ekki erfitt þann eiginleika sem þarf til þess að verða lækni,“ segir Þorbjörg og

hlær. „Elsta dóttir mín var hins vegar að ljúka stúdentsprófi í vor og hefur nám í hjúkrunarfræði í haust. Það finnst mér bæði gott val og fallet.“

Spennandi verkefni að stunda nám í bandarískum háskóla

Þorbjörg fór í framhaldsnám í lögfræði við Columbia háskólann í New York þar sem hún lagði meðal annars stund á alþjóðlegan refsirétt og þjóðarrétt. Hvernig líkaði henni lífið í stórborginni. „Manhattan er í mínum huga einfaldlega borgin. Við bjuggum úti í þrjú ár. Að búa á Manhattan var auðvitað gjörólíkt því að vera í Reykjavík eða hér á Seltjarnarnesi. Okkur fjölskyldunni líkaði mjög vel þarna og mér fannst frábært að upplifa hversu mikil áhersla er lögð á græn svæði inni í borginni. Og ég trúir því að það sé dýrmætt fyrir krakka að kynnst öðru umhverfi og annarri tungu. Það er öllum hollt. Stelpurnar voru fljótar að aðlagast umhverfinu og læra enskuna og njóta auðvitað góðs af því að í dag að vera sterkar í henni. Fyrir mér var spennandi verkefni að stunda nám í bandarískum háskóla. Bandaríkjamenn eru opnari en við.



Þorbjörg ásamt dætrum sínum á góðri stund.

Fyrirlestrarnir voru öðruvísi og meira í samtalsformi en ég átti að venjast að heiman. Þarna fóru þeir meira fram í samræðum. Maður þurfti svoltið að þjálfa sig í samræðulist á ensku. Framhaldsnámið gaf mér mikið og eftir að hafa unnið í nokkur ár fannst mér ég líka njóta námsins betur en þegar ég var yngri. Ég er meiri Íslendingur í mér eftir að hafa kynnst stórborgarlífinu. Þessu frelsi sem við njótum hér heima. Ég skynja enn sterkar hvers virði það er, ekki síst fyrir börnin. Mér fannst gott að koma aftur heim og að stelpurnar fengju aftur þetta frelsi sem börn hér njóta. Ég man að ég saknaði þess íslenska, eins og sundlauganna okkar. Gæti þó hugsað mér að búa aftur ytra um tíma. Kannski verður það einhvern tíma síðar.“

Kynferðisbrotamál geta tekið á

Þorbjörg hefur unnið hjá embætti ríkissaksóknara sem saksóknari og hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu við meðferð sakamála, sér í lagi við málflytningu í kynferðisbrotamálum. Þá var hún um tíma deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst auk þess sem

Kjötkompaní

GRILLUM OG NJÓTUM

Tökum vel á móti ykkur fyrir
verslunarmannahelgina.

GRAND

Hafnarfirði & Grandá





www.kjotkompani.is

578 9700

kjotkompani@kjotkompani.is

kjotkompani

hún hefur verið pistlahöfundur á Fréttablaðinu um nokkurra ára skeið. Hún hefur fengist við rannsóknir og leiðbeint laganemum við skrif á lokaritgerðum í refsirétti. „Ég kunní ágætlega við mig í þessum störfum. Málflutningur er krefjandi og í kynferðisbrotamálum getur hann tekið á. Þetta eru oft erfið mál og viðkvæm, eins og gefur augaleið.“

Fannst vanta frjálslyndan stjórnmalaflokk

Eftir að hafa lokið námi sem átti við þig og starfað við það sem þú hefur haft metnað til forstu að fást við pólitík. Hvað kom til. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á pólitík. Ég tók til dæmis þátt í starfi Vöku þegar ég var í Háskóla Íslands og var oddviti Vöku í Stúdentaráði. Hafði tekið þátt í alls konar félagsstarfi, eins og að sitja í stjórn Kvennaathvarfsins og stjórn Unifem. Mér fannst vanta frjálslyndan stjórnmalaflokk aðeins hægra megin við miðju sem væri alþjóðasinnaður og ekki hikandi í samstarfi við aðrar þjóðir. Þegar Viðreisn var í mótun bauðst mér að vera með og ég tók þátt strax frá stofnun flokksins 2016. Þetta kitlaði mig. Ég var ekki óvön pólitík af bernskuheimili mínu. Mamma sat í bæjarstjórn á Seltjarnarnesi fyrir Neslistann. Ég tók annað sæti á framboðslista Viðreisnar í Reykjavík 2016 og aftur 2017 þegar ríkisstjórnin sem mynduð var eftir kosningarnar



Þorbjörg ásamt afa sínum Jóni Gunnlaugssyni lækni.

2016 sprakk og það var kosið aftur. Og nú þegar við leggjum af stað í þriðja sinn í kosningabaráttu hlakka ég til að takast á við það hlutverk að leiða framboðslista flokksins í Reykjavíkurborg norður.“

Komast hjá efnahagslegum afleiðingum og auka verðmætasköpun

Nú er ný kosningabaráttan að

hefst. Þorbjörg segir verkefni stjórnmalanna hér á landi núna vera efnahagslegar afleiðingar baráttunnar við heimsfaraldurinn.

„Það eru yfir þúsund milljarða króna ríkisskuldur í kjölfar heimsfaraldurs. Það er því gríðarstórt verkefni sem bíður stjórnmalanna nú þegar við erum að komast að landi í viðureign við veiruna. Verkefni ársins 2021 er enn hið sama og ársins 2020, það er að veita fólki, fyrirtækjum

svigrúm til að komast standandi frá efnahagslegu afleiðingunum. Þegar öllu er á botninn hvolft snúast efnahagsmál um hið daglega líf fólks, að fólk hafi atvinnu og að kostnaður við að eiga og reka heimili sé fyrirsjáanlegur. Hvað fyrirtækin í landinu varðar hefur grundvallarþýðingu að geta gert áætlanir. Svo er einfaldlega ekki í íslensku umhverfi. Af þeirri ástæðu er íslenskt samfélag ekki samkeppnishæft til lengri tíma lítið. Stjórnvalda er að skapa skilyrði til að daglegt líf fólks og fyrirtækja í landinu sé gott, stöðugt og samkeppnishæft. Til þess að svo geti orðið þarf stöðugan gjaldmiðil. Verkefnið er þess vegna að leggja grunn að því að næsti kafli í sögu þjóðarinnar verði annar og betri. Við erum aftur farin að sjá mynd sem við þekkjum, vextir á húsnæðislanum fara hækkandi og ástæða er til að hafa áhyggjur af verðbólgu. Lykilspurning stjórnmalanna er þess vegna hvernig auka á verðmætasköpun og hver framtíðarsýnin er fyrir Ísland. Stjórnvöld verða að skapa skilyrði til að daglegt líf fólks og fyrirtækja í landinu sé gott, stöðugt og samkeppnishæft,“ segir Þorbjörg. Hér er ekki ætlunin að hefja kosningabaráttu þótt vart verði komist hjá því að nefna það sem verður verkefni stjórnmalanna næstu vikur. Af nægu að taka en verður að bíða betri tíma. Tíminn er floginn og Þorbjörg þarf að flýta sér á annan fund.

RECARO
Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Sjúkraliðar / aðhlyning hlutavinna

Ert þú jákvæður, traustur, áreiðanlegur og þjónustulundaður einstaklingur, þá eru lausar stöður sjúkraliða og eða starfsfólks í aðhlyningu frá ágúst mánuði til að sinna íbúum á hjúkrunarheimilinu Seltjörn, Safnartröð 1 á Seltjarnarnesi. Um er að ræða hlutastörf 60-80%.

Sótt er um á heimasíður www.sunnuhlid.is

Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Gerð er krafa um að viðkomandi tali og skilji íslensku.



Trimmklubburinn hljóp Laugavegin

Trimmklubburinn á Seltjarnarnesi (TKS) var stofnaður árið 1985 og kjörorð brautryðjanda klúbbsins Margrétar Jónsdóttur var "Muna að hafa gaman". Það má með sanni segja að þessi kjörorð séu enn í heiðri höfð hjá TKS og hafi átt sérlega vel við dagana 10. og 11. júlí þegar 33 meðlimir klúbbsins hlupu hinn vinsæla Laugaveg sem er um 54 km gönguleið sem tengir saman Landmannalaugar og Þórsmörk á sunnanverðu hálendi Íslands, tvær sannkallaðar náttúruperlur.

Lagt var að stað úr Landmannalaugum kl. 13 laugardaginn 10. júlí og var fyrri dagleiðin um 25 km. Hlaupið var um Hrafninnusker í miklum snjó og þoku og endað í Hvangli þar sem hópurinn gisti. Seinni dagleiðin var um 28km þar sem lagt var af stað kl. 09 í brakandi blíðu, logni, heiðskíru - veðri eins og best gerist á fjöllum á Íslandi. Allir skiluðu sér heilir í Þórsmörk 4-6



Þrjár mæðgum sem hlupu með hópnum. Á myndinni eru Ísold Norðfjörð, Arna Hansen, Björg Þuríður Magnúsdóttir, Eva Hannesdóttir, Sigrún Hallgrímsdóttir og Elín Birna Hallgrímsdóttir.

tímum síðar örlítið þreyttir, sólbrúnir en umfram allt þakklátir fyrir að hafa heilsu í að upplifa landið okkar í sinni fegurstu mynd á hlaupum.



Elín Birna Hallgrímsdóttir, Guðrún Geirsdóttir, Eva Hannesdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. Hér erum við með yngstu og elstu hlauparana sem hlupu Laugavegin og allt virkir hlauparar í TKS í Þórsmörk við lok hlaups.

UMFÍ

UNGLINGALANDSMÓT
Selfossi um verslunarmannahelgina 2021

Íþrótt- og fjölskylduhátíð

Íþróttir á daginn

Tónleikar á kvöldin

7.900 kr
Eitt verð fyrir allar greinar
Tjaldstæði innifalið

Allt á ulm.is

Börn og ungmenni í fremstu röð

Það er ritað í DNA jafnaðarstefnunnar að fjárhagsstaða foreldra skuli ekki koma í veg fyrir að börn þeirra njóti sjálfsgöðra mannréttinda, eins og heilbrigðisþjónustu og menntunar. Til allra heilla hefur verið samstaða um þessi grundvallarmál hér á landi en þó hefur reynst erfitt og tafsamt að sjá til þess að það taki til allrar heilbrigðisþjónustu. Sé þjónustan ekki veitt á heilsugæslustöð eða á sjúkrahúsi er eins víst að kostnaðurinn lendi á foreldrunum.

Samfylkingin hafði forystu um það í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur að tryggja börnum og ungmennum gjaldfrjálsar tannlækningar. Enginn efast um gildi þeirrar ráðstöfunar. Nú er komið að því mikilvæga verkefni að tryggja öllum börnum og ungmennum gjaldfrjálsa geðheilbrigðisþjónustu m.a. hjá sálfræðingum og geðlæknum. Með tilvísun frá heimilislækni má fá 4 – 6 viðtöl hjá sálfræðingi á heilsugæslustöð en niðurgreiðsla sálfræðikostnaðar hjá Sjúkratryggingum ríkisins krefst tilvísunar frá þverfaglegu greiningarteymi. En biðlistarnir eru langir, mjög langir. Af þessu leiðir að aðgengi að sálfræðisþjónustu fyrir börn og ungmenni er ekki eins gott og það gæti verið og úr því þarf að bæta.

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hefur haft mikil áhrif á líf barna og ungmenna s.l. 18 mánuði. Þau hafa sýnt fádæma þrautseigju á óvissutímum og úthald í sóttvörnum, s.s. samkomutakmörkunum. Mörg hafa fundið fyrir félagslegri einangrun og depurð. Langtímaafleiðingar þessa eru eðli málsins samkvæmt ekki komnar í ljós en svo að hægt sé að sinna öllum börnum þegar þau þurfa á aðstoð að halda verður við forgangsraða fjármunum í þeirra þágu. Það margborgar sig og bætir lífsgæði yngstu kynslóðarinnar og fjölskyldna þeirra. Fjárhagsstaða foreldra má ekki koma í veg fyrir að börn og ungmenni fái þá heilbrigðisþjónustu sem þurfa og eiga rétt á.

Þórunn Sveinbjarnardóttir leiðir framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi við alþingiskosningarnar í haust.



Þórunn Sveinbjarnardóttir.

BÓKAÐ MÁL



Frí

Á Eiðistorginu er loftið ógnarheitt og þykkt eins og á suður-evrópskri lestarstöð. Út úr Ríkinu kemur valsandi rauðleitur maður á besta aldri sem talar hátt í símann svo ómar yfir allt torgið.

Já og hvar eruði? Nú ókei allt í lagi! Já lítta bara aðeins í kringum þig. Hvar er sól? Sérðu það? Já keyrðu bara þangað við erum á leiðinni!

Það glamrar glaðlega í fjölnotapokanum hans þar sem hann gengur út í sólina og frelsið. Þessi maður er í sumarfrí.

Margir kannast eflaust við þá iðju að elta sólina jafnóðum í sveitaferðum og útilegum og fátt er betra en þegar bjart er framundan og við *keyrum bara inn í sólskinið*. Þetta er einna mest stundað í júlímánuði þegar Íslendingar flykkjast í sumarferðir og leitast við að *nýta* fríið alveg eins og þeir geta sem felst yfirleitt í að verja sem allra flestum mínútum í beinu sólarljósi áður en næsta ský kemur aðvífandi og hitastigið fellur um sirka tíu gráður.

Þetta árvissa góðviðrisæði er eðlilegt á landinu okkar kalda en er sérstaklega áberandi nú þegar við höfum neitað okkur svo lengi um reglulegar píligrímsferðir til heitu landanna og erum alveg að farast úr D-vítamín- og kokteilregnhlífaskorti.

Ferðatíminn nær svo hámarki um verslunarmannahelgina sem hefur lengi verið ein helsta skemmtihelgi landans. Fyrsti mánudagur í ágúst hefur verið frídagur verslunarmanna frá 1934 en tímasetningin á rætur sínar að rekja til þjóðhátíðarinnar 1874 í tilefni þúsund ára afmælis Íslandsbyggðar. Þess má geta að þá orti Matthías Jochumsson Lofsönginn, þjóðsöng Íslendinga, og er hann því í raun fyrsta þjóðhátíðarlagið.

Og þegar við höldum af stað í frí með útländalega sólarvarnarlyktina í nösunum er gott að líta upp í sólina á meðan hún sést og fara með línu úr öðru ljóði Matthíasar:

Haf þökk míns hjarta, sumargyðjan fríða!

Svona rétt áður en við opnum fyrsta bjórinn og skrúbbum grillið.

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

Nesfréttir Auglýsingasími
511 1188



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



www.systerasamlagid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

ALMENN DAGSKRÁ, GRILL, NÁMSKEIÐ OG FERÐIR

Það hefur verið nóg um að vera í félagsstarfi eldri bæjarbúa í sumar enda hefur dagskráin verið þétt. Fastir dagskrárliðir hafa verið á sínum stað og aðsókn verið virkilega góð. Í hverri viku er ýmislegt í gangi í félagsstarfi eldri bæjarbúa eins og botsía, leikfimi, þútt, bingó og spil síðan er kaffispijallið alltaf á sínum stað. Mjög góð þátttaka hefur verið í öllum dagskrárliðum. Árlega tækninámskeiðið stóð fyrir sínu. Þátttakendur stóðu sig með þryði og hefur öllum farið virkilega fram.

Til að fagna sumrinu héldum við sumar grillveislu þar sem grillaðar voru pylsur, sungið, dansað og hlegið en Stefanía Helga kom og tók lagið með okkur. Veisluhöldin voru á Skólabraut og mæting fór fram úr okkar björtustu vonum. Þriðja ferðin okkar í garð og gönguferð var í Öskjuhlíðina þriðjudaginn 13. júlí. Veðrið dásamlegt og sumir gengu um hlíðina og aðrir nutu veitinganna á Nauthól. Síðasta ferðin sem fyrirhuguð er í bili er í Helligsgerði þriðjudaginn 27. júlí og verður með sama sniði þ.e.a.s. þeir sem vilja ganga þeir gera það og hinir njóta sín á kaffihúsi í nágrenninu. Endilega skráið ykkur í þessa ferð. Skráningarblöð liggja frammi í kaffihróknum á Skólabraut.

Félagsstarfið hefur verið duglegt að ferðast innanlands og fórum við í ferð sem heitið var upp á Langjökul. Miðvikudagurinn 24. júní rann upp bjartur og fagur og 35 manna hópur mættur á Skólabraut fyrir kl. 9.00 til í að leggja í ferð á Langjökul. Fyrir morguninn bárust fréttir um að jökultrúkkurinn sem ferja átti hópinn upp á jökulinn hefði bilað kvöldið áður. Þá stóðum við frammi fyrir þremur kostum þ.e. hætta við, fresta eða skipta Langjökulsferð út fyrir ferð á Eyjafjallajökul. Möguleikarnir voru bornir undir hópinn sem mættur var á brottfararstað og var það einróma samþykkt að fara á Eyjafjallajökul og það var glaður hópur sem lagði í hann frá Skólabraut. Ókum sem leið lá austur að Seltjalandsfossi þar sem við mættum bílstjóranum á jöklatrúkknum honum Gunnari. Hann var fullur bjartsýni á að þetta myndi ganga þrátt fyrir miklar leysingar dagana á undan, en bjó okkur þó undir að það væri ekki víst að við kæmumst alla leið upp að gígbarmi. Lagt var upp frá Hamragarðaheiði og ekin skemmtileg torfæruleið að jökuljaðrinum. Það þurfti nokkrar atrennur til að ná á toppinn en á hann komumst við. Gígar Eyjafjallajökuls er í 1600 metra hæð og myndaðist í gosinu 2010. Veðrið þennan dag var eins og best er á kostið, nánast heiðskírt og blýtt veður. Það var algjörlega magnað að upplifa kyrrðina og fegurðina og útsýnið stórkostlegt alveg sama hvert litið var. Á heimleiðinni komum við svo við í Fljótshlíðinni hjá Sigurði á Heylæk þar sem hann hefur komuð upp skemmtilega samsettu safni gamalla hluta í fallegum skógi. Þar nutum við góða veðursins og grilluðum pylsur áður en við lögðum í hann heim. Ferðin á Eyjafjallajökul tókst mjög vel í alla staði og allir ferðalangar ánægðir með daginn.

GESTIR OG GLEÐIGJAFAR

Í byrjun sumars fékk hópur Seltirninga bréf varðandi verkefnið GESTUR OG GLEÐIGJAFI sem okkur langar til að setja inn í dagskrána okkar næsta vetur. Hugmyndin er tilkomin vegna þeirra fjölmörgu hæfileikaríku einstaklinga sem við heyrum um og sjáum heimsækja og skemmta eldri borgurum í hinum ýmsu bæjarfélögum, heimilum og dagdvölum eldri borgaranna út um allt land, og eru það mestmegnis heimafolk viðkomandi bæjarfélaga. Miðað við þá einstaklinga sem Nesið byggja teljum við okkur ekki þurfa út fyrir okkar bæjarfélag til að fá gesti og gleðigjafa inn í okkar starf. Sendum okkar bestu þakki til þeirra sem nú þegar hafa svarað bréfinu okkar jákvætt og eru meira en til í að vera með. Verkefnið er hugsað þannig að viðkomandi komi inn í einhverja af dagskrárliðunum hjá okkur næsta vetur, segi frá lífi sínu, störfum, verði með upplestur, taki lagið, leiki á hljóðfæri eða hvaðeina sem þeim dettur í hug.

Ef þú vilt verða gestur og gleðigjafi með eldri borgurum á Seltjarnarnesi þá endilega láttu vita af þér.

HUGMYNDIR / VETRARDAGSKRÁ Í MÓTUN / NOTENDARÁÐ

Hvetjum alla sem áhuga hafa á að koma saman, vinna saman og gera eitthvað skemmtilegt að koma með hugmyndir sem gæti verið viðbót við það starf sem þegar er í gangi. Allar hugmyndir er hægt að vinna áfram.

Upp hefur komið hugmynd að stofna notendaráð til þess að ýta undir og hvetja notendur til frekari áhrifa og þátttöku í starfinu. Notendaráð vinnur að hugmyndum í samráði við forstöðumann. Þeir sem vilja senda inn tillögur, hugmyndir eða bara fá almennar upplýsingar sendi póst á kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is



Símahulstur og veski fyrir flestar gerðir farsíma



AUKAHLUTIR
netverslun



aukahlutir.is

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Fimmti flokkur kvenna í Eyjum

Fimmti flokkur kvenna í fótbolta hélt til Vestmannaeyja á dögnum á hið margfræga TM mót, betur þekkt sem Þæjumótið! Gróttu fór með tvö lið á mótið og 21 stúlku innanborðs.

Spilað var fimmtudag, föstudag og laugardag og var mikið fjör á Eyjunni. Rebekka Sif Brynjarsdóttir var valinn fulltrúi liðsins í pressuliðinu sem lék gegn landsliðinu á föstudagskvöldið, en lið Rebekku vann leikinn 3-0 og átti hún tvær stoðsendingar. Rebekka var einnig valin í lið mótsins. Stelpurnar stóðu sig vel á mótinu innan sem utan vallar og voru glæsilegir fulltrúar félagsins.



Flóttir fulltrúar í U15

Í júní-mánuði var valið í U15 ára landslið karla kvenna og voru átta flóttir fulltrúar úr Gróttu/KR í þeim hópi. Það voru þeir Alex Kári Þórhallsson, Antoine Óskar Pantano, Hannes Pétur Hauksson og Hrafn Ingi Jóhannsson. Þessir strákar voru hluti af sterkum 4. flokki félagsins sem komst alla leið í undanúrslit Íslandsmótsins á dögnum.

Í U15 ára landsliði kvenna voru Arndís Áslaug Grímsdóttir, Dóra Elísabet Gylfadóttir, Elísabet Ása Einarsdóttir og Margrét Lára Jónasdóttir valdar. Sannarlega frábær viðurkenning fyrir þessa öflugum leikmenn. Þær voru hluti af öflugum 5. flokki félagsins sem Davíð Örn Hlökkversson þjálfaði í vetur. Stelpurnar enduðu í 5. sæti í Íslandsmótinu sem er frábær árangur.



Handboltaskóli og Afreksskóli Gróttu

Segja má að upphaf handboltastarfsins eftir stutt sumarfrí sé Handboltaskóli Gróttu og Afreksskóli Gróttu í handbolta í ágúst. Þá lifnar Íþróttahús Gróttu aftur til lífsins og allt verður eins og á að vera. Undanfarin ár hafa skólarnir verið vel sóttir en í ár mun Maksim Akbachev yfirþjálfari hafa veg og vanda að námskeiðinu ásamt frábæru þjálfurum deildarinnar.

Handboltaskóli Gróttu er fyrir krakka f. 2010-2015 og verður þátttakendum skipt upp eftir aldri. Byrjendur eru sérstaklega velkomnir. Skólinn er alla virka daga kl. 09:00-12:00 en boðið er upp á endurgjaldslausu gæslu frá kl. 08:00 og til kl. 13:00. Handboltaskólanum lýkur föstudaginn 20. ágúst með grillveislu fyrir alla þátttakendur. Hægt er að skrá sig á einstakar vikur.

Afteksskóli Gróttu er fyrir börn og unglunga f. 2006-2009. Áhersla verður lögð á að ná betri tökum á flóknum tækniatriðum og afrekshugsun höfð í fyrirrúmi. Skólinn stendur yfir í þrjár vikur en hægt er að skrá sig á einstakar vikur.

Skráning fer fram á Sportabler, sportabler.com/shop/grotta.

Nánari upplýsingar um skólann er hægt að nálgast á heimasíðu Gróttu eða í gegnum netfangið gullijons@grotta.is.

Handboltaskóli HSÍ

Helgina 12. - 13. júní síðastliðinn fór fram Handboltaskóli HSÍ og Alvogen og var það í 26. sinn sem skólinn var haldinn. Um er að ræða fyrsta stig landsliða HSÍ og voru fjórir leikmenn valdir frá hverju félagi.

Æfingarnar voru fjórar talsins og fóru fram í TM-höllinni í Garðabæ. Frá Gróttu voru valin: Arnfríður Auður Arnarsdóttir, Auður Freyja Árnadóttir, Kristín Friða Sc. Thorsteinsson og Sara Kristjánsdóttir. Fannar Hrafn Hjartarson, Patrekur Ingi Þorsteinsson, Arnar Magnús Andrason og Kolbeinn Thors.

Gróttu óskar þessum átta leikmönnum til hamingju með valið og vonar að þetta sé upphafið að einhverju stærra hjá þeim.

Skólástjórar Handboltaskóla HSÍ og Alvogen voru þau Halldór Jóhann Sigfússon og Rakei Dögg Bragadóttir.



Katrín Anna og Katrín Helga með landsliðinu í sumar

Á dögnum var valið í U17 og U19 ára landslið kvenna í handbolta vegna landsliðsverkefna í sumar. Tvær Gróttustelpur voru valdar í þessa hópa; þær Katrín Anna Ásmundsdóttir í

U17 ára landsliðið og Katrín Helga Sigurbergisdóttir í U19 ára landsliðið.

Bæði liðin taka þátt í stórum verkefnum landsliðanna í sumar. U17 ára landsliðið leikur á Evrópumótinu í Litháen í byrjun ágúst og U19 ára landsliðið leikur þegar þetta er skrifað á Evrópumótinu í N-Makedóníu.



Sjöundi flokkur karla á Skaganum

Alls 37 drengir úr 7. flokki karla spiluðu á hinu víðfræga Norðurlásmóti helgina 19.-21. júní en Gróttta fór með sex lið á mótið. Drengirnir fengu frábært veður á Skaganum sem skemmdi ekki fyrir stemningunni.

Þeir stóðu sig gríðarlega vel og gátu þjálfararnir séð miklar framfarir á vellinum. Frábært



var að sjá hvað margir foreldrar fylgdu strákunum og hvöttu þá til dæða. Mótið gekk heilt yfir mjög vel og voru drengirnir félaginu til sóma, bæði innan sem utan vallar. Mikil gleði ríkti meðal drengjanna eins og sjá má á meðfylgjandi mynd! Þann 17. júní var haldið 8. flokks mót á Norðurlásmótinu og fór Gróttta einnig með tvö lið þangað, eitt stelpulið og eitt strákalið og stóðu krakkarnir sig einnig ótrúlega vel þar, eins og við var að búast.

Sjötti flokkur kvenna á Króknum

Sjötti flokkur kvenna skellti sér á Sauðárkrók helgina 25.-27. júní og lék þar á Steinullarmóti Tindastóls. Gróttta fór með 5 lið á mótið og stóðu stelpurnar sig ótrúlega vel.

Miklar framfarir sáu í spilamennsku hjá Gróttustelpunum og var leikgleðin aldrei langt undan. Veðrið var frábært á Króknum og stemningin með eindæmum góð.



Sjötti flokkur karla í Eyjum

Sautján galvaskir Gróttudrengir sem héldu í ævintýraferð á Orkumótið í Eyjum í lok júní, áður þekkt sem Shellmótið eða Tommamótið. Veðrið var frábært þegar siglt var með Herjólf frá Landeyjahöfn og strax fyrsta daginn fóru strákarnir í bátsferð um Eyjarnar.



Keppni hófst á fimmtudeginum og lék Gróttta2 meðal annars á Helgafellsvelli sem er líklega einn af fáum fótþoltavöllum í heiminum sem er staðsettur á eldfjalli. Strákarnir í Gróttta2 spiluðu glimrandi fótþolta og náðu 2. sæti í sínum riðli fyrstu tvo dagana. Síðasta daginn öttu þeir svo kappi við mjög öflug lið og gerðu tvö jafntefli en tvö töp staðreynd.

Gróttta1 byrjaði mótið rólega en á föstudagsmorgni þurfti heldur betur að vakna því framundan voru leikir við tvö af bestu liðum mótsins: Stjörnuna og Þór, sem enduðu á að leika til úrslita. Báðir leikir töpuðust 2-0 en varnarleikur Gróttudrengja var stórgóður og endaði liðið daginn á frábærum sigri á Keflavík. Lokadaginn gerði Gróttta1 svo tvö jafntefli, vann einn leik og tapaði einum og endaði í 11. sæti Orkumótsins.

Það eru þó ekki aðeins afrek innan vallar sem skipta máli á svona stórmóti hjá 10 ára þingum (eins og Eyjamenn kalla stráka). Hópurinn ver miklum tíma saman og stundum getur tekið á að gista annars staðar en í öruggu skjóli foreldra sinna. Allir voru sammála um að strákarnir hafi komið nokkrum númerum stærri heim frá Eyjum, tilbúnari í að takast á við áskoranir næstu ára innan sem utan fótþoltavallarins.

HUGAÐU AÐ HEILAHEILSUNNI



Kollagen eins og þú hefur ekki kynnst áður Anicent+Brave hefur hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir framúrskarandi kollagen og MTC olíu. Kynntu þér málið.



Stuðningur við heilann Fjölvitamín með áherslu á vitsmuni og heilaheilsu.



SPF-sólarvörn Ver gegn skaðlegum geislum sólar og eykir þol.



Ilmir sem skerpa á skilningavitunum Ilmirmir frá Thought Sanctuary eru einstaklega djúpir og nærandi. Gríptu með þér í ferðalagið.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÖÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

AAAAAAAAATSSJÚÚÚ!



Of mikið sumar?

Flynise – 24 klukkustunda virkni við ofnæmi

Flynise filmuhúðaðar töflur innihalda 5 mg af virka efninu desloratadíni og er ofnæmislyf sem er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða. Flynise er ætlað fullorðnum og unglungum 12 ára og eldri og er áhrifaríkt við að draga úr einkennum ofnæmiskvefs eins og hnerra, nefrennsli og kláða í nefi, ásamt augnkláða, tárarennisli og roða í augum og kláða í efri góm. Lyfið er til inntöku og á að gleypa töfluna heila. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is
Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

teva